

Við tollafgreiðslu á upprunavörum frá Portúgal sem flokkast undir eftirtalin tollskrár-númer skal frá og með 1. mars til og með 31. desember 1986 og á árinu 1987 greiða toll samkvæmt tolltöxtum þeim sem tilgreindir eru hér á eftir:

1986		1987		1986		1987		1986		1987	
%		%		%		%		%		%	
05.04.00	1	2	16.04.02	22	22	16.05.04	22	22			
05.15.00	1	2	16.04.03	22	22	16.05.09	22	22			
14.02.00	1	2	16.04.04	22	22	20.02.01	1	3			
14.03.00	1	2	16.04.05	22	22	21.03.00	2	4			
14.05.00	1	2	16.04.06	22	22	21.04.01	2	4			
15.04.10	1	2	16.04.07	22	22	21.04.02	2	4			
15.04.20	1	2	16.04.08	22	22	21.04.09	2	4			
15.04.30	1	2	16.04.09	22	22	21.05.29	2	4			
15.05.00	1	2	16.04.11	22	22	22.01.01	2	4			
15.06.00	1	2	16.04.12	22	22	22.08.00	1	2			
15.12.09	2	4	16.04.19	22	22	23.01.10	1	2			
16.03.00	2	4	16.05.01	22	22	23.01.20	1	2			
16.04.01	22	22	16.05.02	22	22	24.02.32	1	2			
			16.05.03	22	22						

Um aðrar portúgalskar upprunavörur gilda tollfrelsisákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

#### 4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum, öðlast gildi frá og með 1. mars 1986.

Jafnframt er frá sama tíma felld úr gildi auglýsing nr. 267 4. júní 1980 um sérstaka tollmeðferð vegna viðskiptasamnings EFTA-landanna og Spánar svo og auglýsingar nr. 319/1983 og 73/1985 um breytingar á henni. Þó skulu EUR. 1 flutningsskírteini og EUR. 2 eyðublöð sem gefin hafa verið út samkvæmt ákvæðum hennar fyrir gildistöku þessarar auglýsingar halda gildi sínu, enda hafi þeim verið framvísað í samræmi við ákvæði auglýsingar nr. 267/1980 með síðari breytingum.

*Fjármálaráðuneytið, 28. febrúar 1986*

F. h. r.

**Sigurgeir A. Jónsson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

1. mars 1986

## REGLUGERÐ

Nr. 102

### um tollafgreiðslugjald.

#### 1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð 1% tollafgreiðslugjald vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum. Gjaldið skal lagt á tollverð innfluttrar vöru og gilda um ákvörðun tollverðs ákvæði laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum.

Vörur sem tilgreindar eru í 2. gr. eru undanþegnar tollafgreiðslugjaldi og skal tollverð þeirra dregið frá heildartollverði vörusendingar áður en tollafgreiðslugjald er ákveðið.

Hafi vörusending verið sett í tollvöruhegrymslu skal 1% tollafgreiðslugjald eingöngu greitt af tollverði þeirra vara sem 1% gjaldið hvílir á og tollafgreiddar eru hverju sinni úr tollvöruhegrymslu.

### 2. gr.

Undanþegnar tollafgreiðslugjaldi skv. reglugerð þessari eru eftirtaldar vörur:

1. Vörur sem falla undir I—IV flokk 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum.
2. Skip og flugvélar.
3. Flugvélaeldsneyti, gasolía og brennsluolía.
4. Vörur sem tollfrjálsar eru skv. 2. gr., 1.—12., 16., 17.—18., 21., 8. mgr. 27., 33., 35., 37., 40., 44., 49., 58., og 42. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 33/1980 um breyting á lögum nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald.
5. Vörur sem við innflutning eru tollfrjálsar skv. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum, án tillits til uppruna, og ekki eru vörugjaldsskyldar skv. 1. gr. laga nr. 107/1978 um sérstakt tímabundið vörugjald með síðari breytingum.
6. Vörur til álbræðslunnar í Straumsvík, járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og Áburðarverksmiðju ríkisins sem undanþegnar eru aðflutningsgjöldum samkvæmt ráðuneytisbréfum, dags. 6. júní 1967, 7. nóvember 1978 og 15. nóvember 1978.
7. Vörur sem upprunnar eru í aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu og Efnahagsbandalags Evrópu og við tollafgreiðslu eru undanþegnar tolli samkvæmt E-dálki 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum eða undanþegnar eru tolli skv. 13. tl. 3. gr. sömu laga, enda séu við tollafgreiðslu vara þessara uppfyllt skilyrði auglýsingar nr. 680/1980, með síðari breytingum, um sérstaka tollmeðferð vegna aðildar Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samnings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE) og viðbótarbókana við þann samning vegna aðildar Grikklands, Portúgals og Spánar að Efnahagsbandalagi Evrópu. Sama gildir um uppruna vörur frá Spáni og Portúgal sem tollar fara lækkandi eða hækkandi á skv. 3. og 4. gr. auglýsingar nr. 101/1986.
8. Vörur sem tollmeðferð hljóta samkvæmt ákvæðum II—IV kafla laga nr. 47/1960 um tollvöruhegrymslur o.fl. svo og vörur sem undanþegnar eru aðflutningsgjöldum við innflutning skv. 8. gr. viðbætis við varnarsamning milli Íslands og Bandaríkjanna um réttarstöðu Bandaríkjanna og eignir þeirra, sbr. lög nr. 110/1951.
9. Sendingar sem heimilt er að afhenda viðtakendum án útgáfu aðflutningsskýrslu, enda séu þær að fobverðmæti innan við kr. 1.000.

Af vörum sem tollur eða önnur aðflutningsgjöld hafa verið felld niður af samkvæmt heimild í fjárlögum eða öðrum lögum skal greiða tollafgreiðslugjald samkvæmt reglugerð þessari.

### 3. gr.

Innflytjendur, sem heimild hafa til að greiða aðflutningsgjöld af efni til skipasmíða og viðgerða með skuldarviðurkenningu, sbr. ráðuneytisbréf, dags. 4. febrúar 1985, skal jafnframt heimilt að greiða tollafgreiðslugjald af sömu vörum með skuldarviðurkenningu ásamt aðflutningsgjöldum.

Reglur um endurgreiðslu tolla vegna skipasmíða og skipaviðgerða sem settar eru samkvæmt heimild í 28. tl. 3. gr. tollskrárlaga skulu gilda um framkvæmd endurgreiðslu tollafgreiðslugjalds, eftir því sem við getur átt, m.a. lágmarksfjárhæð endurgreiðslubeiðni

með þeim leiðréttingum sem leiðir af 2. másl. þessarar málsgreinar. Heildarendurgreiðslu-hlutfall vegna nýsmíði skipa og báta skal vera 0,25% vegna álagningar tollafgreiðslugjalds sem endurgreitt skal með sama hætti og tollur og eftir því sem við verður komið í þeim áföngum sem þar greinir. Af efni, vélum og tækjum til skipaviðgerða skal tollafgreiðslu-gjaldið endurgreitt að fullu samkvæmt framlagðri aðflutningsskýrslu.

## 4. gr.

Tollafgreiðslugjald skv. 1. gr. skal innheimt við tollafgreiðslu með aðflutningsgjöldum og gilda um innheimtu og lögvernd þess ákvæði laga nr. 47/1960 um tollvörugæmslur o.fl., laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftirlit og laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl með síðari breytingum, svo og reglugerða og auglýsinga settra samkvæmt þeim.

## 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 1. og 2. gr. laga nr. 5 27. febrúar 1982 um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum, sbr. 13. gr. laga nr. 3 1. mars 1986 um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 230/1982 um sama efni svo og reglugerð nr. 542/1982 um breyting á henni.

*Fjármálaráðuneytið, 1. mars 1986.*

F. h. r.

**Sigurgeir A. Jónsson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

28. febrúar 1986

Nr. 103

## REGLUGERÐ

### um hækkun bóta almannatrygginga.

## 1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, skulu hækka um 5% frá 1. mars 1986 að telja frá því sem þær voru 28. febrúar 1986. Bætur samkv. 19. gr. skulu hækka jafnmikið frá sama tíma.

## 2. gr.

Sérstök lífeyrisuppbót kr. 3 000,00, skal greidd með aprílbotum þeim elli- og örorkulífeyrisþegum, sem njóta óskertrar tekjutryggingar. Þeir, sem njóta skertrar tekjutryggingar, fá hlutfallslega lægri lífeyrisuppbót.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. febrúar 1986.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Jón Ingimarsson.*

B 22